

Úrskurður nr. 11/2010.

Kærð er sú ákvörðun Tollstjóra að hafna samtollun á rafgeymum í Segway rafmangshjól. Kærandi krefst þess að ákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu Tollstjóra.

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 2. nóvember 2010, sem barst nefndinni þann 8. s.m., kærir J. f.h. L., úrskurð Tollstjóra nr. 19/2010. Í hinum kærða úrskurði tollflokkar hann rafgeyma í tnr. 8507.8099. Rafgeymarnir komu í sendingu F782 26 05 0 US JFK W527 og eru ætlaðir í rafmagnshjól af gerðinni Segway. Kærandi krefst þess að úrskurður Tollstjóra verði felldur úr gildi og varan verði samtolluð hjólunum í tnr. 8711.9021. Hjólin komu í sendingu nr. F782 26 05 0 US JFK W520.

Í hinum kærða úrskurði Tollstjóra segir m.a. að vörur þær sem kæran lúti að séu rafgeymar fyrir rafknúin Segway vélhjól. Ágreiningur í málinu snúist um tollflokkun og hvort skilyrði standi til þess að samtolla rafgeyma og hjól þrátt fyrir að þau hafi verið skráð á sitt hvort farmbréfið og þar með sitt hvort sendingarnúmerið á farmskrá flugfars.

Könnun tollstjóra leiddi í ljós að kærandi hafi áður flutt inn sams konar vöru með skipi og í þeim tilvikum hafi rafgeymar og hjól ekki verið aðskilin á sitt hvoru farmbréfi á farmskrá skipsins og því hafi verið um eitt og sama sendingarnúmer og farmbréf að ræða. Sams konar hjól ásamt rafgeymum hafi þannig verið færð saman til tollflokks með tollskrárnúmeri 8711.9021.

Tollstjóri telur að ekki sé um sams konar málsatvik að ræða í þessu máli, því samkvæmt þeim tollskjölum sem fyrir liggja, sé um að ræða tvær sendingar með sitt hvort sendingarnúmerið. Rafgeymarnir hafi verið teknir úr hjólunum og settir á sér farmbréf og þar með á sér sendingarnúmer og aðskilið frá annarri fragt vegna öryggis.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 4. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, skulu vörur sem skráðar eru á sama sendingarnúmeri teknar til tollafgreiðslu í einu lagi nema annað sé heimilt skv. 8. og 9. gr. reglugerðarinnar. Grundvallarskilyrði þess að heimilt sé að skipta upp sendingum samkvæmt ofnagreiðu er að þær vörur eða það vörusafn sem um ræðir hverju sinni hafi komið til landsins á einu og sama farmbréfinu í öndverðu, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar eða á einu farmbréfi og fleiri undirfarmbréfum, sbr. 9. gr.

Í því tilfelli sem hér er til umfjöllunar er skilyrðum ekki fullnægt, að mati tollstjóra, enda sé ekki um eiginlega uppskiptingu að ræða í þeim skilningi. Hvað samtollun varði þá verði sundurteknar vörur að koma á sama farmbréfi og sendingarnúmeri í farmskrá fars, til að færa megi þær sem eina heild til tollflokks. Óheimilt sé að sameina sendingar sem ekki tilheyra sama sendingarnúmeri og farmbréfi. Þar sem um tvær aðskildar sendingar er að ræða í skilningi tollalaga sé ekki heimilt að færa rafgeyma og hjól í einu lagi til sama tollflokks. Niðurstaðan verði því sú að líta skuli á vörurnar líkt og um tvær sjálfstæðar einingar væri að ræða sem hafi ekki tengsl eða samsömun hvor við aðra.

Þá segir í hinum kærða úrskurði Tollstjóra að samkvæmt 20. gr. tollalaga nr. 88/2005 skulu innflytjendur færa vöru til tollflokks í viðeigandi tollskjölum samkvæmt almennum reglum

um túlkun tollskrár, sem birtar eru í viðauka I við tollalögin. Reglurnar eru birtar fremst í tollskránni en einnig sé að finna athugasemdir í flokkum og köflum skrárinnar sem ráða túlkun hverju sinni. Tollflokkun skuli byggð á orðalagi *vöruliða* og athugasemda við viðeigandi *flokka og kafla* skv. túlkunarreglu 1. Í 1. mgr. reglunnar segir að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Samkvæmt túlkunarreglu 6 skal flokkun vara í *undirliði* einstakra vöruliða jafnframt byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við þá og vöruliði í viðeigandi flokkum og köflum tollskrárinnar.

Að lokum segir í hinum kærða úrskurði Tollstjóra að í lagalegu tilliti skuli tollflokkun þannig fyrst og fremst byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla. Hér sé um að ræða rafgeyma, án vökva, til notkunar í rafknúin vélhjól af gerðinni Segway. Rafgeymar séu nefndir sérstaklega undir vörulið 8507 og verða þeir því felldir þar undir. Undirliður 8099 tekur til rafgeyma án vökva.

Tollstjóri úrskurðar að rafgeymar þeir sem fluttir voru til landsins í sendingu nr. F78202600500 US JFK W527 skuli flokkaðir í tollnúmer 8507.8099.

Í kærinni segir m.a. að L. hafi fengið sendingu til landsins í maí s.l. sem hafi verið tollflokkuð 27. maí 2010. Þessi sending hafi verið frá Segway í Bandaríkjunum og hafi innihaldið 10 Segway hjól ásamt aukahlutum. Kærandi kveðst hafa flutt nokkrum sinnum inn sams konar vöru með skipi og þá hafi varan verið flokkuð í tnr. 8711.9021. Nú hafi svo borið við að mikið hafi legið á að fá hjólin heim og því hafi verið ákveðið að taka þau heim í flugi. Hefðbundið vinnuferli hjá flugfélögum sé að aðskilja hættulegan varning (í þessu tilfelli rafhlöður) frá öðrum sem ekki telst hættulegur. Af þessum sökum hafi kassarnir verið opnaðir og rafhlöðurnar teknar úr hjólunum og settar í sér kassa, sem hafi leitt til þess að þær voru settar á sér farmbréf. Seljandi hafi upphaflega sent einn reikning, sem hafi verið greiddur, en skipt honum upp þar sem hjólin voru á öðrum og rafgeymarnir á hinum. Þetta hafi leitt til þess að rafhlöðurnar hafi verið tollflokkaðar í tnr. 8507.8099 en hjólin í tnr. 8711.9021. Kærandi getur þess að yfirleitt séu rafmagnstæki með rafhlöðum flokkuð í sama tollskrárnúmer.

Kærandi krefst þess að úrskurður Tollstjóra verði felldur úr gildi og varan verði tollflokkuð í tnr. 8711.9021.

Kæran var send Tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 10. nóvember 2010. Var honum veittur frestur til að skila umsögn um kærana til 30. nóvember. Umsögn tollstjóra barst nefndinni þann 30. nóvember 2010. Í henni segir m.a. að ekki sé hægt að fallast á það með kæranda að málsatvik séu sambærileg við fyrri innflutning hans. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 4. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru, skulu vörur sem skráðar eru á sama sendingarnúmeri teknar til tollafgreiðslu saman. Samtollun á við þegar sundurteknar vörur koma á sama farmbréfi svo færa megi þær til sama tollflokks.

Þá segir í greinargerð Tollstjóra að þegar leitað sé til skýringa í tollskrá megi sjá að túlkunarregla 2a segi: *"Þegar talað er um tilteknar vörur í vörulið tekur það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu, verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum."* Má af þessu leiða að rafhlöðurnar hvorki líta að öllu

verulegu leyti út eins og hin fullgerða vara og geti því ekki flokkast sem Segway hjól í tollskrárnúmer 8711.9021, hjólin hins vegar gera það og falla í það tollskrárnúmer þó rafgeyminn vanti.

Þá segir að í f bóklið athugasemdar 2 við XVII Ökutæki, loftför, fljótandi för og hliðstæð farartæki komi fram: *"Sem hlutur og hlutar og fylgihlutir teljast ekki neðangreindar vörur, þótt þær séu auglýnilega fyrir vörur í þessum flokki: ... Rafbúnaður eða –tæki (85. kafli)."* Rafgeymar eru nefndir í vörulið 8507.

Tollstjóri krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar þann 30. nóvember 2010. Í svari sem barst nefndinni þann 14. desember s.á. eru fyrri kröfur um samtollun ítrekaðar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Deilt er um tollmeðferð á tveimur sendingum sem komu til landsins í flugfrakt. Um er að ræða rafmagnshjól af gerðinni Segway og rafgeyma fyrir þau. Tollstjóri tollflokkar rafgeyma sem komu í sendingu nr. F782 26 05 0 US JFK W527 í tnr. 8507.8099 og hjólin í tnr. 8711.9021 en þau voru í sendingu nr. F782 26 05 0 US JFK W520. Kærandi krefst þess að þessari flokkun verði hrundið og hjólin og rafgeymarnir samtollaðir í tnr. 8711.9021 þar sem sendingunni hafi verið skipt upp af farmflytjanda og rafmagnstæki séu yfirleitt flokkuð með rafhlöðum.

Í rökstuðningi Tollstjóra í hinum kærða úrskurði er vitnað til 1. mgr. 35. gr. tollalaga nr. 88/2005 en þar segir: ***"Taka skal í einu lagi til tollmeðferðar vörur sem skráðar eru í einu sendingarnúmeri, nema annað leiði af ákvæðum laga þessara."*** Í 4. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1100/2006 um vörslu og tollmeðferð vöru segir: ***"Vörur sem skráðar eru í einu sendingarnúmeri skulu teknar til tollafgreiðslu í einu lagi, nema annað sé heimilt skv. 8. gr. og 9. gr. eða vörurnar hafa verið fluttar í tollvörugæmslu, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði."***

Að mati ríkistollanefndar er ekki hægt að fallast á kröfu kæranda í máli þessu. Nefndarmenn fá ekki annað séð en að Tollstjóri hafi fylgt þeim reglum og fyrirmælum tollskrár sem og lögum um tollflokkingu og meðferð vara í máli þessu. Varan kom í tveimur sendingarnúmerum og það ber að meðhöndla hana samkvæmt því. Um samtollun er ekki að ræða.

Ríkistollanefnd staðfestir hinn kærða úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og reglur um túlkun tollskrár nr. 1 og 6.